

## 1146. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 13. apríl 2016, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 0. hæð.

**Mætt voru:** Ólafía Björk Rafnsdóttir, Bjarni Þór Sigurðsson, Benóný Valur Jakobsson, Birgir Már Guðmundsson, Dóra Magnúsdóttir, Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir, Harpa Sævarsdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Ragnar Þór Ingólfsson, Rannveig Sigurðardóttir, Sigmundur Halldórsson, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Sigurður Sigfússon, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Árni Leósson sviðsstjóri sem ritaði fundargerð.

Ólafía Björk setti fund kl. 17:30 og bauð Sigríði Lovísu velkomna til starfa í stjórn VR.

### Dagskrá:

**1. Fundargerð 1145. stjórnarfundar var lögð fram til samþykktar.**

Ólafía Björk lagði fram fundargerð 1145. stjórnarfundar til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana. Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.

**2. Stjórn skiptir með sér verkum – kosið um varaformann og ritara**

Ólafía Björk bar nú upp þá spurningu hvort einhverjir bjóði sig fram í embætti varaformanns VR?

Bjarni Þór svaraði og sagðist bjóða sig aftur fram.

Enginn annar kvaddi sér hljóðs og var Bjarni Þór Sigurðsson því sjálfkjörinn sem varaformaður VR, starfsárið 2016 – 2017.

Ólafía Björk spurði þá hvort einhverjir bjóði sig fram í embætti ritara VR?

Benóný Valur svaraði og sagðist bjóða sig aftur fram sem ritara VR.

Enginn annar kvaddi sér hljóðs og var Benóný Valur Jakobsson því sjálfkjörinn sem ritari VR, starfsárið 2016 – 2017.

Að þessu loknu var dregið um sætaskipan nýrrar stjórnar og settust fundarmenn þá næst í sæti sín samkvæmt því.

**3. Tillaga að nefndum VR**

Ólafía Björk sagði að aðeins tveir stjórnarmenn hefðu sent sér óskir um nefndarsetu eftir að hún sendi út tillögur sínar um skipan þeirra mála fyrir næsta starfsár og varð hún við þeim óskum. Lagði hún þá fram skjalið „Nefndir VR 2016 drög“ og fór yfir efni þess og bar upp til samþykktar hverja nefnd fyrir sig þannig:



**Framkvæmdastjórn sjúkrasjóðs VR**

Birgir Már Guðmundsson  
Dóra Magnúsdóttir  
Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir  
Páll Örn Líndal  
Rannveig Sigurðardóttir

**Varamenn**

Ingibjörg Ósk Birgisdóttir  
Ólafur Reimar Gunnarsson

Umræður.

Ólafía Björk bar svo upp ofangreinda tillögu til samþykktar.  
Samþykkt samhljóða.

**Framkvæmdastjórn orlofssjóðs VR**

Bjarni Þór Sigurðsson  
Harpa Sævarsdóttir  
Helga Ingólfssdóttir  
Ragnar Þór Ingólfsson  
Sigurður Sigfússon

**Varamaður**

Benedikt Vilhjálmsson

Umræður.

Ólafía Björk bar svo upp ofangreinda tillögu til samþykktar.  
Samþykkt samhljóða.

**Launanefnd**

Birgir Már Guðmundsson  
Bjarni Þór Sigurðsson  
Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir

Umræður.

Ólafía Björk bar svo upp ofangreinda tillögu til samþykktar.  
Samþykkt samhljóða.

**Húsnæðisnefnd VR**

Benóný Valur Jakobsson  
Bjarni Þór Sigurðsson  
Helga Ingólfssdóttir  
Ingibjörg Ósk Birgisdóttir  
Ólafur Reimar Gunnarsson  
Ragnar Þór Ingólfsson

Umræður.

Ólafía Björk benti á að í þessari tillögu sé ekki búið að stilla upp hverjir séu varamenn og var ákveðið að nefndarmenn myndu sjálfir skoða það og ákveða á sínum fyrsta fundi.

Ólafía Björk bar svo upp ofangreinda tillögu til samþykktar.  
Samþykkt samhljóða.

**Starfsmenntanefnd**

Ingibjörg Ósk Birgisdóttir  
Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir  
Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir  
Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir  
Ólafur Reimar Gunnarsson  
Sigríður Lovísa Jónsdóttir  
Birgir Már Guðmundsson

Umræður.

Ólafía Björk benti á að í þessari tillögu sé ekki búið að stilla upp hverjir séu varamenn og var ákveðið að nefndarmenn myndu sjálfir skoða það og ákveða á sínum fyrsta fundi.

Ólafía Björk bar svo upp ofangreinda tillögu til samþykktar.  
Samþykkt samhljóða.

**Laganefnd**

Harpa Sævarsdóttir  
Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir  
Ólafur Reimar Gunnarsson  
Rannveig Sigurðardóttir  
Sigurður Sigfússon

Umræður.

Í tillöggunni var í fyrstu gert ráð fyrir að Harpa og Ólafur Reimar væru varamenn í laganefnd en í umræðum var ákveðið að nefndarmenn myndu sjálfir skoða þá tilhögun og ákveða á sínum fyrsta fundi.

Ólafía Björk bar svo upp ofangreinda tillögu til samþykktar.  
Samþykkt samhljóða.

**Jafnréttisnefnd**

Helga Ingólfssdóttir  
Sigmundur Halldórsson  
Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir

**Varamaður**

Bjarni Þór Sigurðsson

Umræður.

Ólafía Björk bar svo upp ofangreinda tillögu til samþykktar.  
Samþykkt samhljóða.

**Framkvæmdastjórn vinnudeilusjóðs VR**

Dóra Magnúsdóttir  
Harpa Sævarsdóttir  
Ragnar Þór Ingólfsson

**Varamaður**

Páll Örn Líndal

Umræður.

Ólafía Björk bar svo upp ofangreinda tillögu til samþykktar.  
Samþykkt samhljóða.

**Verkfallsnefnd VR og LÍV**

Benóný Valur Jakobsson, VR  
Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, VR  
Eiður Stefánsson, LÍV  
Gils Einarsson, LÍV

Umræður.

Ólafía Björk bar svo upp ofangreinda tillögu til samþykktar.  
Samþykkt samhljóða.

Undir þessum dagskrárlið var svo að lokum tekin fyrir skipan í Öldungaráð VR, samkvæmt reglum þess, og er það skipan til tveggja ára, tímabilið 2016 – 2018. Ólafía Björk bar upp tillögu um svohljóðandi skipan þess næstu 2 ár:

#### **Öldungaráð VR**

Benedikt Vilhjálmsson  
Elín Elíasdóttir  
Petrína Ragna Pétursdóttir  
Rannveig Sigurðardóttir  
Valur M. Valtýsson  
Þorlákur Jóhannsson

Umræður.

Ólafía Björk bar svo upp ofangreinda tillögu til samþykktar.  
Samþykkt samhljóða.

#### **4. Staðan í kjaramálum**

Ólafía Björk sagði að ákveðið hafi verið að fresta stefnumóti aðila vinnumarkaðarins sem halda átti þann 7. maí n.k. til að undirbúa mótun nýs samningalíkans fyrir íslenskan vinnumarkað, í samræmi við rammasamkomulagið sem undirritað var í október á síðasta ári. Því miður hafi ekki tekist að undirbúa stefnumótið nægilega vel og því var tekin sú ákvörðun að fresta því um óákveðinn tíma. Undirbúningsfundi fulltrúa á mótið, sem halda átti þann 27. apríl, hefur jafnframt verið frestað.

Fundir eru svo hafnir í þeirri nefnd kjarasamninga sem snýr að starfsmenntamálum þar sem vinnan um raunfærnimat og kauphækkunar vegna náms sé komið á fullan skrið.

Margir snúningar hafi einnig verið teknir í nefndinni um lífeyrismálin þar sem sátt er orðin um að það verði val hvort viðbótarframlagið fari í séreign og einnig hefur verið rætt um hvernig lífeyrissjóðirnir munu svo geta tekið á móti upplýsingum um val fólks ofl. í þeim dúr. Þá hafi einnig verið rætt um stjórnkerfi lífeyrissjóðanna t.d. fulltrúaráð sem sé í flestum sjóðum en ekki í okkar sjóði enda sé það nokkuð snúið mál hvað okkur varðar.

Þá ræddi Ólafía Björk niðurstöðu dómsmáls okkar vegna styttingar atvinnuleysisbótatímabils í lok árs 2014 sem við unnum í Héraðsdómi þar sem styttingin var dæmd ólögmat. Við getum verið stolt og sátt með okkar hlut í þessu máli.

Ragnar Þór mætti nú til fundar kl. 18:10

Þá sagði Ólafía Björk frá heimsókn hennar og Bjarna Þórs og Viðars Ingasonar hagfræðings VR til höfuðstöðva OECD í París þann 5. apríl sl. Hafði sendiherra okkar í Frakklandi sérstaklega boðið VR til þessarar heimsóknar. Fengu þau þrjár sérstaklega áhugaverðar kynningar sem Ólafía

Björk fór yfir í stuttu máli og studdist við glærur. Kynningarnar voru þessar:

1. Monica – Social Policy Division
2. Stijn Broecke – Skills in the labourmarket
3. Romina Boarini – Measuring wellbeing

Kom fram að þessum erlendu fyrirlesurum finnst Ísland áhugavert, enda skorar Ísland alltaf mjög hátt á öllum félagslegum mælikvörðum. Að lokum benti hún fundarmönnum á áhugaverða vefsíðu um efnið, Better Life Index <http://www.oecdbetterlifeindex.org/>.

Umræður.

## 5. Starfsáætlun stjórnar

Ólafía Björk lagði fram skjalið „Starfsáætlun stjórnar VR 2016“ og fór yfir efni þess á skjá, fyrst fyrirhugaða stjórnarfundir sem eru þessir:

Dagur	Vikudagur	Tími	Staður
13. apríl 2016	miðvikudagur	17:30	Hús verslunarinnar 0. hæð
29. apríl 2016	föstudagur	12:00	Óvíst, Vinnufundur 12-18
30. apríl 2016	laugardagur	09:00	Óvíst, Vinnufundur 9-15
9. maí 2016	mánudagur	17:30	Hús verslunarinnar 0. hæð
8. júní 2016	miðvikudagur	17:30	Hús verslunarinnar 0. hæð
10. ágúst 2016	miðvikudagur	17:30	Hús verslunarinnar 0. hæð
14. september 2016	miðvikudagur	17:30	Hús verslunarinnar 0. hæð
12. október 2016	miðvikudagur	17:30	Hús verslunarinnar 0. hæð
9. nóvember 2016	miðvikudagur	17:30	Hús verslunarinnar 0. hæð
14. desember 2016	miðvikudagur	17:30	Hús verslunarinnar 0. hæð
11. janúar 2017	miðvikudagur	17:30	Hús verslunarinnar 0. hæð

Þá fór hún yfir aðra fundir og viðburði sem eru þessir:

Dagur	Vikudagur	Tími	Staður
14. apríl 2016	fimmtudagur	12:00	Tökum Brúnna kvennaráðst. ASÍ, tveir dagar
15. apríl 2016	föstudagur		Tökum Brúnna kvennaráðst. ASÍ, tveir dagar
19. apríl 2016	þriðjudagur	08:30	Fjölbreytin-morgunverðarfundur Grand hótél
1. maí 2016	sunnudagur	11:00	VR hlaup, kröfuganga og kaffi
5. maí 2016	fimmtudagur	15:00	Kaffi eldri félagsmanna í Hörpu
12. maí 2016	fimmtudagur	17:00	Fyrirtæki ársins í Hörpu
2. júní 2016	fimmtudagur	17:00	Ferð með trúnaðarmönnum og trúnaðarráði
29. septmber	fimmtudagur	12:00	VR dagurinn
26. október 2016	miðvikudagur	10:00	Þing ASÍ
27. október 2016	fimmtudagur	09:00	Þing ASÍ
28. október 2016	föstudagur	09:00	Þing ASÍ



Undir þessum dagskrárlið ræddi Ingibjörg Ósk um undirbúning kröfugöngu og hátíðarinnar þann 1. maí. Fór hún yfir dagskrá og helstu verkefni dagsins og bað fundarmenn um að gefa sig fram sem gætu komið til hjálpar, borið fána oþh. Hvatti hún alla til þess að mæta.

Fundi var slitið kl. 20:30  
Árni Leósson, fundarritari